

Aðferð til að minnka útskriftir
róandi lyfja og svefnlyfja á
Heilsugæslunni í Efra
Breiðholti

Læknadagar 2022

23.mars

Kristín Hansdóttir, sérnámslæknir í
heimilislækningum

Inngangur

Fram kemur í árlegri skýrslu Norrænu heilbrigðistölvfræðinefndarinnar (NOMESCO) að notkun svefnlyfja og róandi lyfja er hlutfallslega hæst á Íslandi ef miðað er við hin Norðurlöndin [1]. Þessi lyf tilheyra flokki lyfja sem geta valdið ávana og fíkn[2]. Róandi lyf úr flokki benzodíazepína (ATC-flokkur N05B) og svefnlyf (ATC-flokkur N05C) ætti í flestum tilfellum að nota í sem stystan tíma og skv. sérlyfjaskrá helst ekki lengur en 2-4 vikur [3]. Lagt er til í skýrslu velferðarráðuneytis að þjálfar og fræða lækna, koma á fót gæðavísunum og leiðbeiningum til að takmarka sölu og minnka pakkastærðir t.d. Nýleg rannsókn sýndi að notkun róandi lyfja og svefnlyfja jókst hjá 18-35 ára Íslendingum í kjölfar efnahagshrunsins 2008 [4].


1. Nordic Medico-Statistical Committee (NOMESCO). Health Statistics for the Nordic Countries 2017. 1. útg. Kaupmannahöfn: 2017
2. Velferðarráðuneytið. Aðgerðir til að sporna við misnotkun lyfja sem geta valdið ávana og fíkn. Maí 2018.
3. Sérlyfjaskrá. SMP skrá imovane 7,5mg. 2019.
4. Árni Arnarson,, Jón Steinar Jónsson, Margrét Ólafía Tómasdóttir og Emil Lárus Sigurðsson. Ávísanir á þunglyndislyf, róandi lyf og svefnlyf hjá ungu fólki fyrir og eftir bankahrun. Læknablaðið 2019; 105:427-433

Hugmyndin

- Dönsk rannsókn sem var birt 2007
 - **An approach to reduce Benzodiazepine and Cyclopyrrolone use in general practice**
A study based on a Danish population
Viggo R.K Jorgensen. CNS drugs 2007
- Talið að um 2% dönsku þjóðarinnar væru háð lyfjum í þessum flokkum. Fyrirskipun heilbrigðisráðherra 2003 um að draga skildi úr notkun um 50% ellegar yrði aukið eftirlit og/eða refsingar
- Framkvæmdin:
 - Engar símaafgreiðslur
 - Endurnýjun lyfseðla eingöngu eftir viðtal
 - Lyfjaávísanir eingöngu fyrir 1 mánuð í senn
 - Ákveðið í samráði við sjúkling – halda áfram sama skammti eða byrja niðurtröppun

Danska rannsóknin

- 10 heilsugæslustöðvar og 13 lækna, 18.513 skjólstæðingar (Lemvig – vestanverðu Jótlandi)
- Fræðsluefni og fundir til að hvetja lækna
- Niðurstöður:
- 15 mánaða tímabil
 - Cyclopyrrolin (N05CF) ↓50,3%
 - BZD svefnlyf (N05CD) ↓46,5%
 - BZD kvíðalyf (N05BA) ↓41,7%



Framkvæmdin

- Undirbúningsfundir lok árs 2018 og byrjun 2019. Sótt um til Vísindasiðanefndar og Vísindanefndar HH
- Átti upprunlega að hefjast 15.apríl 2020 en frestaðist vegna COVID
- Haldnir 2 fundir með öllu starfsfólki stöðvarinnar á teams í lok árs 2020
 - Verkefnið kynnt formlega
 - Áherslur innan stöðvarinnar ákveðnar
 - Kynntum okkur sambærilegar verklagsreglur í Borgarnesi t.d.

Rannsóknarspurningin

- Er hægt að fækka útskrifuðum skömmtum benzo/cyclopyrrolin á Heilsugæslunni í Efra Breiðholti með breytingum á reglum um útskrift lyfjanna?
- Reglur:
 - Einungis má endurnýja einn mánaðarskammt í einu.
 - Heimilt er að óska eftir lyfjaendurnýjun að hámarki þrisvar sinnum (gegnum lyfjaendurnýjun eða heilsuveru) en þurfi lengri meðferð þarf viðtal við lækni.

Framkvæmdin frh.

- Skjólstæðingur hringir og óskar eftir lyfi í þessum flokkum
- Læknaritari sendir upplýsingabréf um breyttar áherslur við útskriftir lyfjanna í heilsuveru
- Setur upplýsingar í athugasemdadálk í sögu
- Lyfjabeiðni send áfram til læknis sem ákveður hvort sendir lyfin

The screenshot displays a medical software interface for 'Prufu Dóra'. The patient's profile shows the name 'Prufu Dóra', ID '090854-ZZZ9', and age '66 ára'. The interface includes a sidebar with various medical functions like 'Sjúklingar', 'AFGREIDSLA', and 'FORSIÐA STARF'. The main area features a calendar for 'janúar 2021' and a list of appointments under 'Tímabókanir' and 'Komur'. A pop-up window titled 'Persónuupplýsingar - Prufu Dóra' is open, showing a list of messages or appointments with dates and descriptions.

janúar 2021							
sun.	mán.	þri.	mö.	fim.	fös.	lau.	
					1	2	08:00
3	4	5	6	7	8	9	08:15
10	11	12	13	14	15	16	08:30
17	18	19	20	21	22	23	08:45
24	25	26	27	28	29	30	09:00
31							09:15
							09:30
							09:45
							10:00
							10:15
							10:30
							10:45
							11:00
							11:15
							11:30
							11:45
							12:00
							12:15
							12:30
							12:45
							13:00
							13:15
							13:30
							13:45
							14:00
							14:15
							14:30
							14:45
							15:00

Persónuupplýsingar - Prufu Dóra
Almennt | Athugasemdir

- 05/01/21 - Hringir í lyfjendurnýjun - upplýsingabréf sent
- 05/01/21 - Lyfjendurnýjun nr. 1
- 05/02/21 - Lyfjendurnýjun nr. 2
- 05/03/21 - Lyfjendurnýjun nr. 3
- 25/03/21 - Viðtal nr. 1 vegna róandi og kviðþýlja

Efniviður og aðferðir

- Rannsóknin stóð frá 1.janúar 2021-31.desember 2021.
- Rannsóknin var afturskyggn þar sem upplýsinga um útskriftir lyfjanna árið fyrir breytingu og árið sem breytingin átti sér stað var aflað.
- Þátttakendur voru allir skjólstæðingar stöðvarinnar sem fengu lyf úr þessum lyfjaflokkum.
- Breytur: einkvætt númer (ekki persónugreinanlegt), dagsetning útskriftar, yfirflokkur samskiptaforms, lyfjaskömmun, lyfjaheiti og ATC flokkur, styrkleiki, magn, fjöldi afgreiðsla, fjöldi pakkninga, DDD(defined daily dose = skilgreindur sólarhringsskammtur) pakkningar og DDD heild
- Úrvinnsla gerð í excel og notað parað t-próf til að reikna marktækni.

Róandi lyf og svefnlyf

ATC-flokkur N05BA – róandi benzodiazepine

Virka efnið

Diazepamum

Chlordiazepoxidum

Oxazepamum

Bromazepamum

Alprazolamum

Lyfjaheiti

Stesolid

Risolid

Sobril

Lexotan

Alprazolam

Samheitalyf

Tafil

Samheitalyf

Tafil retard

ATC-flokkur N05CD – svefnlyf í flokki benzodiazepine

Nitrazepamum

Flunitrazepamum

Triazolamum

Midazolamum

Mogadon

Flunitrazepam

Halcion

Midazolam

Dormicum

ATC-flokkur N05CF – cyclopyrrolin

Zopiclonum

Zolpidemum

Zopiclone

Zolpidem

Imovane

Stilnoct

Imomed

Zovand


Niðurstöður

Tafla I. Fjöldi einstaklinga, útskrifta, DDD/1000 skjólstæðinga og fjöldi skráðra einstaklinga 2020 og 2021. Einstaklingar sem fengu útskrifuð róandi lyf og svefnlyf á Heilsugæslunni Efra Breiðholti 2020-2021.

	2020	2021	Hlutfallsbreyting
Fjöldi einstaklinga	791	700	-12%
Fjöldi útskrifta	4.905	4.302	-12%
Fjöldi DDD/1000 skjólstæðinga	17.938	15.292	-15%
Fjöldi skráðra á heilsugæsluna	10.099	9.742	-4%


DDD = defined daily dose = skilgreindur dagskammtur

Niðurstöður – DDD/1000




Mynd 1. DDD/1000 skjólstæðinga fyrir róandi lyf (ATC-flokkur N05BA). Einstaklingar sem fengu útskrifuð róandi lyf á Heilsugæslunni Efra Breiðholti 2020-2021.

Niðurstöður – DDD/1000




Mynd 2. DDD/1000 skjólstæðinga fyrir svefnlyf (ATC-flokkur N05CF). Einstaklingar sem fengu útskrifuð svefnlyf á Heilsugæslunni Efra Breiðholti 2020-2021.

Niðurstöður - DDD/1000



Mynd 3. Ársmeðaltöl fyrir DDD/1000 borið saman milli lyfjaflokka. Einstaklingar sem fengu útskrifuð róandi lyf og svefnlyf á Heilsugæslunni Efra Breiðholti 2020-2021.

Niðurstöður - Fjöldi útskrifta




Útskriftum fækkað um 22% í flokki róandi lyfja (N05BA) og 5% í flokki svefnlyfja (N05CF)

Mynd 4. Róandi lyf og svefnlyf, fjöldi útskrifta eftir árfjórðungum. Einstaklingar sem fengu útskrifuð róandi lyf og svefnlyf á Heilsugæslunni Efra Breiðholti 2020-2021.

*P = 0,03

**P = 0,09

Niðurstöður – hlutfall viðtala



Mynd 5. Hlutfall útskrifta í viðtölum borið saman milli árfjórðunga. Einstaklingar sem fengu útskrifuð róandi lyf og svefnlyf á Heilsugæslunni Efra Breiðholti 2020-2021.

Einstaklingar sem fá meira en DDD

Tafla II. Fjöldi einstaklinga sem fá meira en DDD og tvöfalt meira. Einstaklingar sem fengu útskrifuð róandi lyf og svefnlyf á Heilsugæslunni Efra Breiðholti 2020-2021.

	2020	2021		2020	2021	
	Fjöldi	Fjöldi	Hlutfallsbreyting fjöldi	DDD/mann	DDD/mann	Hlutfallsbreyting DDD/mann
Þeir sem fá 1x	191	142	-26%	38	31	-17%
Þeir sem fá meira en DDD	68	87	28%	500	424	-15%
Þeir sem fá 2x DDD eða meira	37	19	-49%	829	811	-2%
Allir hinir	495	433	-13%	221	177	-20%

Ályktun

- Hægt er að fækka útskrifuðum skömmtum með breytingum á reglum.
- 12% færri einstaklingar sem fá lyfin
- DDD/1000 hefur minnkað um 15% í heildina.
- Höfum náð að fækka um 50% þeim sem nota 2x DDD eða meira.
- Viðtölum hefur fjölgað en ekki marktækt. Mögulega vantalið.
- Margt í gangi í samfélaginu en samt árangur.
- Hvet aðra til að taka upp verklagið